

Greinargerð vegna Garðatorgs 1

Bæjarstjórn bókaði á fundi sínum 4. febrúar 2021 tillögu um að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi. Garðabær hefur verið með leigusamning við Reginn um afnot af húsnæðinu en sá samningur rann út þann 30. júní 2021.

Bókunin er eftirfarandi;

13. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.

"Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis á Garðatorgi 1 þar sem annars vegar verði mótuð tillaga að áframhaldandi uppbyggingu Hönnunarsafns Íslands í húsinu og hins vegar tillaga að því hvernig nýta megi betur önnur rými á 2. hæð, jarðhæð og í kjallara hússins ásamt aðliggjandi yfirbyggðri göngugötu undir fjölbreytta menningarstarfsemi fyrirtækja og félagasamtaka á sviði lista og menningar, Ungmennahús, frístundastarf fatlaðs fólks og samkomustað fjölskyldna í bænum.

Stefnt skal að því að tillögur fræðslu- og menningarsviðs ásamt greiningu stofnkostnaðar og reksturskostnaðar valkosta liggi fyrir eigi síðar en í lok apríl 2021."

Greinargerð með bókun

Þann 1. janúar 2007 tók Garðabær við rekstri og stjórn Hönnunarsafns Íslands. Hönnunarsafnið starfar sem stofnun á vegum bæjarfélagsins og ber safnið ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun á þeim þætti menningarsögu Íslendinga sem lýtur að hönnun, einkum frá aldamótunum 1900. Á undanförunum árum hefur starfsemi safnsins á sviði stafrænnar menningar eflst, safnið stendur fyrir vönduðum viðburðum fyrir börn og á árinu 2019 tók Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins til starfa fyrir ungmenni á aldrinum 13-16 ára.

Allt frá árinu 2015 hafa fulltrúar Garðabæjar, með hléum, átt viðræður við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis um hvernig leysa megi húsnæðismál Hönnunarsafnsins en hætt var við að reisa nýja safnbyggingu í kjölfar hrunsins árið 2008. Gengið er út frá því að ákvæði í samkomulagi aðilanna frá árinu 2006 um stofnframlag ríkisins vegna safnbyggingar sé enn í fullu gildi og að það framlag ríkisins framreiknað til verðlags 2021 fari til uppbyggingar safnsins á Garðatorgi 1, s.s. til að bæta aðgengi að safninu, auka öryggi muna, stækka rými fyrir sýningar og innrétta fjölnotasal. Einnig hefur verið til umræðu ráðstöfun styrktar- og rekstrarframlags í fjárlögum til starfsemi Hönnunarsafnsins.

Markmið með úttektinni er annars vegar að undirbúa stækkun Hönnunarsafnsins í núverandi húsnæði og hins vegar að auka menningarlíf og þjónustu á Garðatorgi enn frekar með vísi að Blackbox rými; t.d. með Ungmennahúsi, bættri aðstöðu fyrir leiklist, myndlist og aðrar listgreinar ásamt aðstöðu fyrir frístundastarf fatlaðs fólks. Mikilvægt er að úttektin sé unnin í fullu samráði við húseiganda og aðra hagaðila í húsinu m.a. með tilliti til þátttöku í breytingum á húsnæði.

Með bættum húsakosti Hönnunarsafnsins á Garðatorgi 1 með betri og varanlegri sýningar- og geymsluaðstöðu, aðgengi fyrir alla og bættri ásýnd, þróun Ungmennahúss fyrir 16 ára og eldri og aukinni

aðstöðu fyrir menningu, listir, frístundir fatlaðs fólks og samveru fjölskyldunnar er stuðlað að áframhaldandi uppbyggingu öflugs miðbæjar Garðabæjar á Garðatorgi í sambyli við þá verslun, þjónustu og íbúðarbyggð sem þar er til staðar nú.

Starfshópur fræðslu- og menningarsviðs

Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs tók við verkefninu og vann meðfylgjandi greinargerð í samstarfi við Ólöfu Breiðfjörð, menningarfulltrúa, Kára Jónsson, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúa og Sigríði Sigurjónsdóttur, forstöðumann Hönnunarsafns Íslands. Ekki var mögulegt að leggja fram tillögur fyrir lok apríl 2021 eins og fram kemur í bókun bæjarstjórnar m.a. vegna umfangs verkefnisins.

Samtal við eigendur

Fyrsti fundur fulltrúa Garðabæjar með Reginn fasteignafélagi sem eru eigendur Garðatorgs 1 var haldinn 19. febrúar 2021. Kynnt var bókun bæjarstjórnar og óskað eftir samstarfi um úttekt á húsnæðinu, grunnvinnu að skipulagi nýrrar starfsemi og framlengingu á leigusamningi. Mættir á fundinn voru fh. Garðabæjar, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs og Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, fh. Regins voru mættir, Helgi S. Gunnarsson forstjóri og Baldur Már Helgason, framkvæmdastjóri viðskipta.

Fulltrúar Regins tóku vel í erindið. Ákveðið að skipa samstarfshóp vegna frekari vinnu við verkefnið. Forstjóri Regins skipaði Pál V. Bjarnason fyrir sína hönd sem tengilið og Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs var skipaður tengiliður Garðabæjar.

Annar fundur fulltrúa Garðabæjar með Reginn haldinn 16. mars 2021. Páll V. Bjarnason fulltrúi Regins mætti ásamt Frey Frostasyni arkitekt og fulltrúar Garðabæjar voru Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi, Kári Jónsson, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands.

Húsnæði Garðatorgs 1 skoðað og farið yfir öll rými í húsinu. Hvernig notkun er þar í dag og ræddar hugmyndir að breytingum.

Þriðji fundur fulltrúa Garðabæjar Eiríks Björns Björgvinssonar sviðsstjóra fræðslu- og menningarsvið og Sigríði Sigurjónsdóttur forstöðumanns Hönnunarsafns Íslands með Stellu Stefánsdóttur formanni stjórnar Hönnunarsafns Íslands var haldinn 24. mars 2021.

Vegna funda með eigendum var farið yfir hugmyndir að stækkun Hönnunarsafns Íslands og hugmyndir að endurskipulagningu á rýmum sem rædd höfðu verið við eigendur.

Fjórdi fundur fulltrúa Garðabæjar, Eiríks Björns Björgvinssonar sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs, Ólafar Breiðfjörð, menningarfulltrúa, Kára Jónssonar íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúa og Sigríðar Sigurjónsdóttur, forstöðumanns Hönnunarsafns Íslands haldinn 26. apríl.

Rætt um úttekt á nýtingu núverandi rýma og hugmyndir að nýrri nýtingu þeirra. Lagðar línur að greinargerð vegna verkefnisins. Undirbúningur vegna fundar með Reginn sem haldinn var 29. apríl 2021.

Fimmti fundur fulltrúa Garðabæjar, Eiríks Björns Björgvinssonar, sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs, Ólafar Breiðfjörð, menningarfulltrúa, Kára Jónssonar, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúa og Sigríðar Sigurjónsdóttur, forstöðumanns Hönnunarsafns Íslands með Páli V. Bjarnasyni fulltrúa Regins og arkitektunum Paolo Gianfrancesco og Láru Lárusdóttur. Haldinn 29. apríl 2021.

Farið yfir hugmyndir arkitektanna að breytingum á rýmum. Óskað eftir kostnaðarmati á hugmyndunum.

Sjötti fundur fulltrúa Garðabæjar, Eiríks Björns Björgvinssonar, sviðsstjóra, Ólafar Breiðfjörð, menningarfulltrúa og Kára Jónssonar, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúa með Páli V. Bjarnasyni og Símoni Pétri Pálssyni fulltrúum Regins haldinn 16. júní 2021.

Fulltrúar Regins lögðu formlega fram teikningar og kostnaðarmat verkefnisins.

Sjöundi fundur fulltrúa Garðabæjar, Eiríks Björns Björgvinssonar, sviðsstjóra, Ólafar Breiðfjörð, menningarfulltrúa, Kára Jónssonar, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúa og Eysteins Haraldssonar, sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs með Páli V. Bjarnasyni, Símoni Pétri Pálssyni og Sigurbór R. Jóhannesson fulltrúum Regins haldinn 23. júní 2021.

Farið yfir athugasemdir Garðabæjar við teikningar og kostnaðaráætlun verkefnisins.

Samtal við hagsmunaaðila

Á Garðatorgi 1 hafa frá því árið 2010 verið leigðar út vinnustofur fyrir myndlistarmenn búsetta í Garðabæ. Lengi hefur verið erfitt fyrir listamenn að finna húsnæði við hæfi á sanngjörnu verði. Með aðstöðunni kom Garðabær til móts við myndlistafólk úr sveitarfélaginu sem ekki á kost á að leigja vinnustofur á vegum Sambands íslenskra myndlistarmanna en félagsmenn SÍM þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði svo sem háskólamenntun.

Alls 6 myndlistarmenn hafa verið með aðstöðu á Garðatorgi 1 og ljóst að myndlistarmennirnir eru ekki sáttir við breytingar sem hugsanlega munu verða á skipulagi húsnæðisins. Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi, spjallaði við nokkra af myndlistarmönnum og í kjölfarið skilaði hópurinn frá sér ályktun um málið (sjá viðhengi 1).

Menningarfulltrúi bendir á að aðeins sé hægt að leigja vinnustofur á vegum SÍM í nokkur ár í senn. Æskilegt væri að bjóða myndlistarmönnum búsettum í Garðabæ upp á vinnustofur til leigu og að listamenn gætu sótt um vinnustofu til nokkurra ára í senn til að tryggja að fleiri komist að. Með slíku fyrirkomulagi væri einnig hægt að koma í veg fyrir að myndlistarmenn sem hafa flutt úr bæjarfélaginu sætu að vinnustofum. Ekki er reiknað með slíku rými á Garðatorgi 1 í tillögnum.

Gróska myndlistarfélag hefur afnot af sal fyrir sýningar og námskeið og hefur stjórn félagsins ekki verið sátt við að fleiri aðilar noti salinn enda telja þau búnað sinn, húsgögn og tæki í hættu ef aðrir hafa afnot af aðstöðunni. Sýningar á vegum Grósku í salnum eru í venjulegu árferði 2 – 4 ári og standa yfir í 2 helgar í senn.

Fulltrúar Garðabæjar Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri, Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi og Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar funduðu með fulltrúum Grósku, myndlistarfélags 23. mars 2021. Á fundinum var bókun bæjarstjórnar kynnt fyrir fulltrúum Grósku. Samningur Grósku við

Garðabæ, samningur Garðabæjar við Reginn og mögulegar breytingar á afnotum Grósku af húsnæðinu ræddar.

Fulltrúar Garðabæjar Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri, Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi og Kári Jónsson, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi funduðu með fulltrúum Grósku, myndlistarfélags, Rúnu Tetzchner formanni Grósku, Louise le Roux varaformanni Grósku og Árnýju Björku Birgisdóttur meðstjórnanda, 8. júlí 2021 til að fara yfir hugmyndir og tillögur Regins og Garðabæjar að breytingum á húsnæðinu að Garðatorgi 1.

„Skapandi sumarstörf“ sem er sumarverkefni á vegum Garðabæjar nýtir rými í húsinu yfir sumartímann sem aðrir nýta yfir vetrartímann. Engir árekstrar hafa átt sér stað vegna þessa. Fjöldi ungmenna hefur fengið þarna tækifæri til að einbeita sér að listsköpun sinni yfir sumartímann og líkur starfinu á hverju ári með sýningu. Forstöðumaður „Skapandi sumarstarfa“ hefur verið upplýstur um hugsanlegar breytingar.

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir stjórn Ungmennaráðs á nokkrum fundum og hafa þau haft aðkomu að tillögugerð vegna nýtingar á húsnæðinu. Frístundafélögin Klifið og Draumar hafa einnig lagt fram sínar óskir um afnot af væntanlegu húsnæði.

Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri, hefur átt nokkra fundi sl. ár með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ráðherra mennta- og menningarmála vegna rekstrar- og uppbyggingarsamninga fyrir Hönnunarsafn Íslands m.a. vegna breytinga og stækkunar á safninu. Einnig hefur verið haldinn fundur með fjármálaráðherra vegna málsins. Nokkrir fundir hafa verið haldnir frá árinu 2019 en niðurstaða þeirrar vinnu liggur ekki fyrir (sjá viðhengi 2). Garðabær hefur farið fram á að ríkið uppfylli samkomulag aðila frá árinu 2006.

Þarfagreining (stutt lýsing á núverandi aðstöðu)

Hönnunarsafn Íslands

Á fyrstu hæð er afgreiðsla safnsins, safnbúð, vinnustofa hönnuðar og lítið leiksvæði fyrir börn. Sólríkur pallur er fyrir framan aðalinngang safnsins.

Á annarri hæð er smiðja sem er ný viðbót við safnið. Þar er tekið á mótir um 1200 grunnskólabörnum á ári auk 150 nemanda við framhaldsskóla og háskóla. Þar er einnig rekinn Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins og opnar smiðjum sem tengjast sýningum. Á hæðinni er aðalsýningarsalur safnsins og inn af honum er opið rannsóknarrými. Þá taka við skrifstofur og pappírsgeymsla.

Síðastliðið sumar fannst gró í skrifstofum safnsins sem voru í kjölfarið hreinsaðar. Reginn eigandi húsnæðisins á eftir að athuga hvort hreinsunin hafi skilað fullnægjandi árangri. Þakið lekur í smiðjurýminu. Ekkert gólfefni er á gólfum og ofnakerfi óaðgengilegt.

Á annarri hæð eru einnig vinnustofur myndlistarmanna sem þeir leigja frá Garðabæ.

Í kjallara eru varðveislurými safnsins, móttökurými og almenn geymsla.

Í kjallara er hvorki loftræsing né hitastýring. Mikið er um lagnir sem flestar eru ekki á lagnateikningum og ekki er vitað um ástand þeirra. Til þess að safngripirnir séu öruggir þarf að lagfæra þessi atriði eða flytja

varðveislurýmið annað. Varðveislurýmið er yfirfullt. Gró fannst í móttökurými í kjallara í fyrra. Reginn eigandi húsnæðisins á eftir að láta hreinsa rýmið. Gólf eru mjög gróf.

Safnið hefur lagt fram ýtarlega skýrslu um ástand varðveislurýmisins (sjá viðhengi 3) sem og skýrslu og kostnaðaráætlun frá verkfræðistofunni Öruggh ehf. varðandi brunavarnir sem þarf að uppfæra í öllum rýmum safnsins (sjá viðhengi 4). Einnig var lögð fram skýrsla varðandi loftræsinguna í kjallara og mögulegar endurbætur (sjá viðhengi 5).

Annað rými

Fyrirverandi “Búningsklefar” eru núverandi vinnustofur tveggja myndlistarmanna sem selja verk sín í gallerí í miðborg Reykjavíkur, annar aðilinn býr ekki í Garðabæ.

Salur er nýttur undir sýningar Grósku, tvo daga tvisvar til fjórum sinnum á ári en auk þess eru haldin námskeið á vegum Grósku í nokkra daga á ári. Gróska nýtir salinn einnig sem vinnu- og fundarrými.

„Bankarými“, bakhluti, er í útleigu og þar fer fram m.a. postulínsmálun. Fremra rýmið er ekki í notkun eða útleigu. Reginn leigir bakrýmið út til einkaaðila.

Stigahús er illa nýtt og í slæmu ásigkomulagi, efni fyrir gluggum og því myrkur og drasl í rýminu sem nýtist því alls ekki sem skyldi. Lyftu vantar í þennan hluta hússins.

Salerni eru mörg hver biluð.

Göngugata er yfirbyggð en ekki nýtt nema þegar t.d. sýningar eru á vegum Barnamenningarhátíðar í Garðabæ og smíðjur á hátíðinni fara þar fram.

Geymslurými - Einn listamaður er með rými í kjallara.

Tillögur

Ungmennaráð óskar eftir að fá aðstöðu í húsnæðinu t.d. í “Bankarými” bakatil fyrir starfsemi svo sem æfingaherbergi fyrir hljómsveitir eða einstaklinga, stúdíó fyrir upptökur, tölvuver með flóknum forritum sem geta nýst ungmennum, kennslueldhús/eldhúsaðstöðu. Á fyrstu hæð, aðstöðu í sal fyrir tónleika, ýmiskonar sýningar og fyrirlestra. Á stigapalli 2. hæðar væri hægt að vera með aðstöðu til að læra, lesa, hlusta á tónlist eða annað og hitta vini. Fundarherbergi á 2. hæð væri m.a. hægt nýtt sem viðtalsrými fyrir sálfræðipjónustu og aðra ráðgjöf sem og fundi ýmiskonar. Ungmenninn vilja geta haft vinnuaðstöðu en jafnframt aðstöðu til að slaka á og njóta með vinum.

Leiklistarfélagið Draumar óska eftir að nýta aðstöðu í sal fyrir leiklistarkennslu og sýningar í lok námskeiða. Draumar hafa sérstaklega óskað eftir að hægt sé að myrkva salinn og hann sé nýtanlegur sem Blackbox fyrir leiksýningar.

Klifið, skapandi setur, óskar eftir að nýta sal fyrir sýningar og æfingar en auk þess gætu rými á jarðhæð nýst Klifinu á dagtíma þegar ungmenntu eru ekki að nýta sér aðstöðu.

Lagt er til að frístundastarf fatlaðra barna, Garðahraun, verði á jarðhæð, samnýting að hluta til með ungmenntahúsi ef hugsað er fyrir færanlegum húsgögnum og hirslum.

Tæki sem nú eru í Garðaskóla vegna listviðburða eins og leiksýninga og tónleika verði flutt í húsnæðið. Þessi tæki verði aðgengileg t.d. í kjallara þar sem ungmenni og þeir aðilar sem nýta t.d. salinn geta gengið að tækjum vísum.

Rými á milli lofti, fyrir ofan sal er tilvalinn staður fyrir rólega lesstofu eða íhugunarrými enda útsýnið fallegt.

Settar verði upp plöntur og færanleg húsgögn í stigahús þar sem lestur, samvera, kaffisjall eða móttökur fari fram en þar er möguleiki á sýningarrými fyrir myndlist. Veitingasala/miðasala væri einnig á stigapalli 2. hæðar.

Áhersla verði á fjölnota rými fyrir jafnt fötluð sem ófötluð ungmenni og börn, fjölskyldur, félagasamtök, börn á námskeiðum hjá Draumum og Klifinu og hinn almenna borgara.

Lögð verði áhersla á að nota íslenska hönnun þegar kemur að vali á húsgögnum og innréttingum húsnæðisins.

Lagt er til að komið verði upp aðstöðu fyrir þrívíddar prentarar og annan búnað sem fólk hefur ekki aðgang að í dag en er í anda þess sem sést í menningarhúsum á borð við Oodi í Helsinki.

Mikilvægt er að tengja starfsemi húsnæðisins við Bókasafn Garðabæjar á Garðatorgi 7 og starfsemi Hönnunarsafnsins við Ungmennahús. Mikilvægt er að skapa aðstöðu fyrir fjölskyldur jafnt sem einstaklinga.

Lagt er til að Gróska myndlistarfélag fái aðstöðu í húsnæðinu með sérrými. Sameiginleg þjónusta t.d. við Grósku getur verið miðlæg. Sýningaraðstaða Grósku getur verið færanleg en arkitektar hafa komið með tillögu að gluggalausum en opnu rými á stigapalli 2. hæðar þar sem hægt væri að stjórna lýsingu mun betur en í núverandi aðstöðu. Þannig gætu sýningar Grósku hæglega staðið lengur en örfáa daga og fleiri notið. Stærri sýningar færu fram í sal á 2. hæð.

Mikilvægt er að geta boðið áhugafólki sem vinnur að myndlist upp á aðstöðu í húsnæðinu til sýninga. Hafa verður í huga að mjög skýrar reglur verða að vera um notkun rýmisins fyrir vinnustofur m.a. vegna þess að listamenn notast m.a. við eldfim efni.

Lagt er til að komið verði upp litlu upplýsingaveri í húsnæðinu sem nýst gæti t.d. fólki af erlendum uppruna eða öðru fólki sem nýflutt er í bæjarfélagið. Eins verði í húsnæðinu aðstaða fyrir unga foreldra, áhugafólk á öllum aldri um skapandi greinar, spilahópa og fræðafólk sem og áhugafólk um hin ýmsu fræði. Salurinn gæti nýst börnum, ungmennum og félagasamtökum til sýningahalds. Með möguleika á skiptingu salar væri tveimur ólíkum hópum gert kleift að æfa eða nýta rýmin samtímis.

Hringtenging í Hönnunarsafninu: Með því að fá til umráða svæði sem í dag er nýtt sem fjórar vinnustofur fyrir myndlistarmenn austan megin á annarri hæð húsnæðisins verður möguleiki að hanna efri hæð Hönnunarsafnsins þannig að gestir gangi hring um sýningarsalina. Þannig væri hægt að gerbreyta upplifun gesta, mynda svigrúm fyrir fasta sýningu og rýmka aðstöðuna í geymslumálum til næstu 2-3 ára á mjög hagkvæman og skemmtilegan máta.

Lagt er til að útisvæði og útlit Hönnunarsafnsins endurspegli það áhugaverða starf sem þar fer fram.

Lagt er til að tengja saman starfsemi hússins og starfsemi í göngugötu t.d. með sviði fyrir tónleika, leiktæki eða upplifunarhorn fyrir börn og ungmenni.

Rekstur

Gert er ráð fyrir að Hönnunarsafns Íslands verði rekið með sambærilegum hætti og verið hefur. Fjölgun starfsmanna þar ræðst af frekari samningum við ríkið sem leggur starfseminni til kr. 18.000.000.- í rekstrarfé samkvæmt fjárhagsáætlun 2021. Garðabær greiðir þó megnið af rekstrarkostnaðinum eða um kr. 70 milljónir sbr. fjárhagsáætlun 2021. Óskað hefur verið eftir einum viðbótar starfsmanni í safnakennslu. Áætlun um rekstur starfsemi menningar- og ungmennahúss hlutans tekur mið af því að einn forstöðumaður sinni verkefninu í 100% starfi auk 200% starfshlutfalla vegna annarra starfa, samtals 3 stöðugildi. Það er sambærilegt og rekstur félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Ekki liggur fyrir bein rekstraráætlun húsnæðisins en viðhald þess og umsýsla verður öll hjá eiganda.

Rekstrarkostnaður Hönnunarsafns Íslands á fjárhagsáætlun ársins 2021 er kr. 68.020.226.-. Þar af er húsnæðiskostnaður kr. 35.109.024.-

Rekstrarkostnaður Garðalundar á fjárhagsáætlun ársins 2021 án húsnæðiskostnaðar er kr. 62.137.098.-

Garðabær 9. júlí 2021

Eiríkur Björn Björgvinsson

Viðhengi:

1. Erindi myndlistarmanna dagsett 10. maí 2021
2. Minnisblað sviðsstjóra dagsett í maí 2021
3. Skýrsla um ástand varðveislurýmis dagsett 22. mars 2021
4. Skýrsla varðandi brunavarnir dagsett 3. desember 2020
5. Skýrsla um loftræsingu í kjallara ódagsett
6. Skilalýsing og kostnaðaráætlun dagsett 5. júlí 2021
7. Frumteikningar með tilboði dagsett 10. maí 2021
8. Tilboð í áframhaldandi leigu Garðabæjar 6. Júlí 2021 (Trúnaðarmál)